

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpeyð.st Suðurnesja, Kalka Kalka, Berghólabraut, Helguvík



Dags eftirlits	24.11.2015	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Sorpeyð.st Suðurnesja, Kalka	Fulltrúi UST	Eva Dögg Kristinsdóttir
Heimili	Berghólabraut 7	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5312780469	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Norðfjörð	ÍSAT nr.	38.21.0,38.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Ingbór Karlsson	Staðsetning	325484,211 396471,342

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Almennt má segja að rekstur Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sé í jafnvægi. Engin ný frávik voru skráð en samþykkt var úrbótaáætlun vegna fráviks sem skráð var í síðasta eftirliti og varðaði losunarmörk fyrir ryk. Gera þarf nýja mælingu fyrir árslok 2015 og kvarða símælibúnað fyrir ryk. Umhverfi var snyrtilegt. Geymsla fyrir flugösku er mikið framfaraskref og nýtist vel.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

1. Niðurstöður síðasta eftirlits
2. Yfirferð á mælingum og símælingum, kvörðun á mælingarbúnaði
3. Skráningar skv. grein 3.1 í starfsleyfinu.
4. Samráðsfundir
5. Skoðun á athafnasvæði Kólku – brennslustöð og umhverfi og geymsluhúsnæði flugösku í Reykjanesbæ.

Í síðasta eftirliti var skráð frávik þar sem rykmagn í útblæstri var yfir losunarmörkum í reglubundinni mælingu. Úrbótaáætlun barst vegna fráviksins þann 27. nóvember s.l. og telst hún samþykkt. Kalka stefnir að því að seinni mælingu ársins á útblæstri verði lokið þann 31. desember og um leið fari fram kvörðun á símælibúnaði fyrir ryk. Búið er að fara í aðgerðir í viðhaldsstoppi í júní og júlí þar sem farið var sérstaklega yfir síuhús, þéttihringir kannaðir og ryksugað í kringum poka. Vonir standa til að nýjar mælingar sýni lægri gildi í ryki. Skipt var um síupoka í hreinsivirki á árinu 2012.

Niðurstöður símælinga fyrstu níu mánuði ársins voru afhentar í eftirliti. Alls eru skráðir 14 dagar þar sem farið er yfir dagleg meðalgildi fyrir HCl og 7 dagar þar sem farið er yfir dagleg meðalgildi fyrir NOx. Skoða þarf sérstaklega rykmælingar og kvörðun á rykmælibúnaði þar sem niðurstöðum úr símælibúnaði ber ekki saman við reglubundnar mælingar á ryki. Sýna þarf með betri hætti fram á virkni hans. Mælirinn verður kvarðaður fyrir lok árs. Seinni mælingar ársins skv. starfsleyfi munu fara fram í desember en seinkun hefur verið á að mælingar verði gerðar vegna tafa hjá mæliaðila.

Haldið er utan um viðhald, óhöpp og/eða bilanir í mengunarvarnarbúnaði í sérstakri dagbók sem vélstjórar halda utan um. Sérstakt viðhaldskerfi er til staðar til að fylgjast með búnaði og skráningu. Haldið er utan um magn og gerð spilliefna sem tekið er á móti til förgunar. Kalka fær upplýsingar um tegundir hjá aðilum sem koma með spilliefni til þeirra. Kalka gefur á móti út vigtarnótu og reikning fyrir förgun.

Öll botnaska sem myndast og flutt er til meðhöndlunar hjá SORPU er skráð sérstaklega.

Flugaska er vigtuð og flutt í sérstaka geymslu sem staðsett er í Reykjanesbæ. Askan verður svo flutt út til meðhöndlunar hjá NOAH í Noregi. Gert er ráð fyrir að skip komi á u.þ.b. 2ja ára fresti til að sækja flugösku til meðhöndlunar.

Rætt var um samráðsfund og ákveðið að rekstraraðili boði til samráðsfundar í tengslum við næsta eftirlit.

Farið var í skoðun á athafnasvæði Kólku, verið var að vinna við að hakka timbur á lóð Kólku. Íslenska Gámafélagið mun síðan taka við timbrinu og koma því til meðhöndlunar.

Umhverfi athafnasvæðisins var annars snyrtilegt. Skoðuð var sérstaklega flugökugeymsla Kólku í Reykjanesbæ. Þar er búið að koma fyrir um 538 tonnum af flugösku á skipulegan hátt. Húsnæðið er með eftirlits og brunavarnakerfi.

ANNAÐ

Farið yfir úrbætur sem gerðar hafa verið við mötunarbúnað í samræmi við tilmæli sóttvarnalæknis. Affall frá mötunarbúnaði fer nú í poka sem skipt er um með reglubundnum hætti.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar umhverfisverndar og örvinnis en sem ekki geta talist frávik

Reykjavík, 21.12.2015



Sigríður Kristjánsdóttir